

**Tíma- og verkáætlun A-hluta - endurskoðuð vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2025-2029**

Vísað er nánar í FMS-STE-001 Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnsla	Afgreiðsla	Dagsetn.	Mán.
◆	<b>Skil fagsviða á rýningu á áskorunum ársins 2025 og mati á helstu skuldbindingum í fimm ára áætlun:</b> Sviðsstjórar skila til FAS greinargerð og kostnaðarmati á áskorunum utan fjárheimilda, breytingum á magnþólum þar sem við á og mat á helstu skuldbindingum í rekstri sviðsins fyrir fimm ára áætlun. <b>Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:</b> Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		15.apr.	◆
FMS-VLR-046 Undirb. að úthlutun fjárheimilda	<b>Undirbúningur úthlutunar á fjárheimildum.</b> Greining á fjárhagslegu svigrúmu til úthlutunar á fjárheimildum.	FAS		15. apr.	Apríl - Maí
	<b>Fjárfestingaáætlun:</b> Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaþörfum, valkostum og forgangsröðun fagsviða fyrir fjármálalóp.	Fjármálalópur		apríl/maí	
	<b>Drög að tillögu um skiptingu fjárhagsramma</b>	Fjármálalópur		24.apr	
	<b>Tillaga til borgarráðs um skiptingu fjárhagsramma</b>	Borgarráð		2.maf	
	<b>Forgangsröðun verkefna innan fjárhagsramma</b>	Fagråd		maí/júní	maí - júní
	<b>Kynning á forgangsröðun:</b> Fagsvið kynna forgangsröðun verkefna	Fjármálalópur		19.jún	
	<b>Vinnsla fjárhagsáætlunar</b> í samræmi við forsendur.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní- sept.	júní-sept.
	<b>Vinnsla launaáætlunar</b> og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní - sept.	
	<b>Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar</b> í samræmi við forsendur úthlutunar.	FAS		júní- sept.	
	<b>Vinnsla greinargerðar.</b> Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní- sept.	
<b>Drög að fjárhagsáætlun kynnt fagrådum.</b> Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagrådum. Fagråd staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur	Fagråd	13.sept.*	September	
<b>Útkomuspá og fimm ára áætlun.</b> Undirbúningur útkomuspár og fimm ára áætlunar.	FAS		sept.		
◆	<b>Skil fagsviða á lokadrögum að fjárhagsáætlun og greinargerð</b> <b>Skil fjárfestingaáætlunar og greinargerðar</b>	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		20. sept*	◆
FMS-VLR-047 Frágangur og kynningar	<b>Samantekt á frumvarpi</b> að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.	FAS		18. okt.	Október
	<b>Greinargerð með frumvarpi:</b> FAS undirbýr greinargerð með frumvarpi þar sem lagt er fjárhagslegt mat á tekjur og útgjöld.	FAS		18. okt.	
	<b>Kynningar:</b> Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		24. okt. - 25. okt.	
◆	<b>Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði:</b> Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	31. okt.	◆
Umræður og afgreiðsla	<b>Fyrri umræða:</b> Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn. Tekjuforsendur afgreiddar.	Borgarstjórn		5. nóv.	Nóv.
	<b>Breytingar milli umræðna:</b> Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð.	Borgarráð	Borgarráð	28. nóv.*	Nóv.
◆	<b>Síðari umræða og afgreiðsla:</b> Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.	SBS	Borgarstjórn	3. des.	◆
Frágangur og skil	<b>Frágangur gagna:</b> Svið ganga frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FAS tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		13. des.	Des.
◆	<b>Fjárhagsáætlun 2023 - 2027 skilað til ráðuneytis:</b> FAS skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands.	FAS		20. des.	◆

\* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.



## Til borgarráðs

### Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2025 og fimm ára áætlunar 2025-2029

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2025 og forsendur fimm ára áætlunar 2025-2029, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 16. apríl sl.

#### Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla	0,5	0,9	3,0	2,8	2,6	2,6	2,5
Samneysla	2,2	1,4	0,8	0,7	0,9	1,0	1,0
Fjármunamyndun	-0,6	0,6	4,8	3,5	1,7	0,7	2,6
Útflutningur vöru og þjónustu	4,8	3,0	3,0	2,8	3,2	3,0	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,4	1,8	2,6	2,3	2,3	1,8	2,0
Verg landsframleiðsla	4,1	1,5	3,0	2,7	2,4	2,3	2,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,4	4,2	4,2	4,1	4,0	4,0	4,0
Vísitala neysluverðs	8,7	5,2	3,2	2,7	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	2,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Þróun launa	9,8	6,8	5,0	4,3	4,1	4,1	4,1

Tafla 1: Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki er spáð fyrir launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2024 og 2025, þ.e. á milli ársloka 2023 og 2024 annars vegar og ársloka 2024 og 2025 hins vegar.

Hækkun innri leigu milli fjárhagsáætlunar 2024 og fjárhagsáætlunar 2025 er 3,75%.

Breyting vísitölu neysluverðs milli ársloka (%)	2024	2025
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,4%	4,9%

## Efnahagshorfur

Hægst hefur á hagkerfinu að undanfögnu samhliða háum vöxtum og þrálátri verðbólgu. Hagstofan gerir ráð fyrir 1,5% hagvexti í ár sem verður drifinn áfram af einkaneyslu utanríkisviðskiptum og samneyslu og vöxturinn verði svo á bilinu 2,3-3,0% út spátímabilið.




Hagstofan gerir ráð fyrir að einkaneyslan verði 0,9% í ár og 3,0% á næsta ári vegna lægri verðbólgu og vaxta og verði svo á bilinu 2,5-2,8% árin 2026-2029. Gert er ráð fyrir að vöxtur samneyslu verði 1,4% í ár síðan mun draga úr vextinum og verður hann í kringum 0,7-1,0% árin 2025-2029. Hagstofan spáir því að fjármunamyndun aukist um 0,6% í ár, 4,8% árið 2025 og sveiflist svo á bilinu 0,7-3,5% út spátímabilið.

Vöxtur útflutnings á síðasta ári nam um 4,8% og var drifinn af ferðaþjónustu og tengdum greinum en horfur eru á að vöxturinn minnki á milli ára og verði um 3% í ár og að þrátt fyrir óvissu vegna jarðhræringa á Reykjanesi þá verði fjöldi ferðamanna svipaður og var að jafnaði árið 2018 þegar mest lét. Reiknað er með 3% vexti útflutnings á næsta ári og verði svo á bilinu 2,5-3,2% eftir það.

Búist er við 1,8% aukningu á innflutningi í ár en vöxturinn verði svo 2,6% á næsta ári. Síðan mun draga aðeins úr innflutningi og verður vöxturinn á bilinu 1,8-2,3% frá 2026-2029.

Mikil mannfjöldaaukning var á síðasti ári en vinnufæru fólki fjölgaði um 4,3% og horfur á að fólksfjölgun verði áfram töluverð á þessu ári þótt hægt hafi á á fjölguninni síðustu tvo ársfjórðunga. Atvinnuþátttaka jókst um 0,4%-stig á síðasta ári og gert er það fyrir að hún lækki lítillega næstu ár samhliða minni spennu í hagkerfinu. Heildarvinnustundum fjölgaði um 5% á síðasta ári en búist er við töluvert hægari fjölgun í ár.

Sé litið til höfuðborgarsvæðisins þá var almennt atvinnuleysi fólks á vinnualdri um 3,2% á síðasta ársfjórðungi 2023 sem er tæplega 2%-stigum undir langtímameðaltali. Fjöldi starfandi á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði mikið á síðasta ári og eru núna tæplega 140 þúsund og hlutfall starfandi mælist 77,8%. Heildarvinnustunda hækkaði árið 2023 um rúm 6% og en lækkaði þó um 0,4% á fjórða ársfjórðungi 2023 eftir að hafa hækkað kröftuglega átta ársfjórðunga í röð miðað við sama ársfjórðung fyrra árs.



Verðlag hefur hækkað umtalsvert og í fyrra hækkaði vísitala neysluverðs um 8,7% að meðaltali á milli ára. Verðbólgan hefur verið þrálátari en greiningaraðilar áttu von á. Hagstofan gerir ráð fyrir að í ár muni verðbólgan hjaðna og vera 5,2% að meðaltali milli ára og síðan á næsta ári muni hún halda áfram að hjaðna og vera 3,2% og verði í kringum verðbólgu markmið á tímabilinu 2026-2029. Gengi krónunnar mun haldast stöðugt allt tímabilið samkvæmt þjóðhagsspánni.

Fasteignamarkaðurinn hefur róast eftir miklar vaxtahækkningar en húsnæði er þó áfram helsti drifkraftur verðbólgu líkt og hefur verið síðustu tvö ár. Þrátt fyrir þetta háa vaxtarstig er enn þá eftirspurn á íbúðamarkaði og virðist sem hröð fólksfjölgun sé helsta ástæðan. Kaupsamningum hefur verið að fjölga mikið undanfarna mánuði miðað við síðasta ár og skýrist líklega að stórum hluta vegna íbúðarkaupna Grindvíkinga.

Hagstofan gerir ráð fyrir að íbúðafjárfesting aukist um 2,1% á þessu ári og vöxturinn verði öllu kraftmeiri á næsta ári eða rúm 10%. Hagstofan birtir ekki spá um íbúðarverð en Arion Banki spáir 2,7% hækkun í ár, 4,3% á næsta ári og 6,6% árið 2026. Bankinn spáir þó lækkun á raunverði húsnæðis frá 2024 og 2025.

Verðvísitala raunverðs atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 6,2% að raunvirði í fyrra og var það þriðja árið í röð sem það mælist töluverð hækkun á vísitölunni. Vísitalan var í fyrra um 16,6% yfir metinni langtímaleitni samanborið við 13,1% í lok árs 2022. Eftirspurn eftir atvinnuhúsnæði hefur aukist á síðustu árum en Seðlabankinn býst við minni vexti eftirspurnar á komandi misserum vegna þess að dregið hefur úr umsvifum í hagkerfinu á síðustu mánuðum og hægt á fjölgun starfa. Þetta þykir benda til að dregið geti úr eftirspurn eftir ýmsum gerðum atvinnuhúsnæðis.

Árshækkun launavísitölnnar var að meðaltali 9,8% í fyrra og en vegna hárrar verðbólgu var lítil kaupmáttur launa. Óvissu um launahækkanir næstu ára hefur minnkað töluvert en stærsti hluti almenna markaðarins skrifaði undir kjarasamning til fjögurra ára í mars 2024. Hagstofan býst við því að raunlaun hækki um 1,5% í ár og 1,7% á næsta ári. Hagstofan gerir ráð fyrir launavísitalan verði 6,8% í ár og 5,0% árið 2025 en verði svo um 4,1-4,3% út spátímabilið.

Margir óvissuþættir geta haft áhrif á forsendur Hagstofu. Innanlands snýr hún aðallega að verðbólguþróun, vaxtastigi og áhrif náttúruhamfara. Erlendis ber helst að nefna aukna spennu í alþjóðsamskiptum og stríðsátök og áhrif þeirra á efnahagshorfur.

*Halldóra Káradóttir,*  
*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*



## Borgarráð

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025:

Aðalsjóður	Upprunaleg áætlun 2024	Víðbætur	Rammi 2025
Fjármála og áhættustýringarsvið (FAS)	1.115.853	2.791	1.118.644
Meningar- og íþróttasvið (MÍR)	19.377.704	451.581	19.829.285
Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	859.594	23.169	882.763
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu (RHS)	2.280.306	19.394	2.299.700
Skóla- og frístundasvið án líkana (SFS)	19.227.860	465.429	19.693.289
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	11.481.910	100.819	11.582.729
Velferðarsvið án bundinna liða (VEL)	35.209.080	754.273	35.963.354
Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON)	4.083.421	44.800	4.128.221
<b>hlutun 2025</b>	<b>93.635.728</b>	<b>1.862.256</b>	<b>95.497.985</b>

Eignasjóður nettó fyrir afskriftir og fjárm. liði	Upprunaleg áætlun 2024	Víðbætur	Rammi 2025
Eignaskrifstofa (ESR)	-30.454.269	1.950.604	-28.503.665
Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)	4.053.740	125.922	4.179.662
Verkefnastofa þróunarmála (VST)	-3.649.176	7.994	-3.641.182
<b>hlutun 2025</b>	<b>-30.049.705</b>	<b>2.084.520</b>	<b>-27.965.185</b>

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli fagsviðum, kjarnasviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

## Greinargerð

Enn er talsverð óvissa um horfur í ytra efnahagsumhverfi á árinu 2024 bæði vegna verðbólguþróunar og stríðsátaka. Hófstílltir kjarasamningar til fjögurra ára á almenna vinnumarkaðnum hafa aukið væntingar um að verðbólga fari lækkandi á árinu og að meiri stöðugleiki náist. Helstu áskoranir í rekstri Reykjavíkurborgar eru einkum vegna verkefna sem flutt hafa verið frá ríki til sveitarfélaga án þess að fullnægjandi fjármögnun fylgi. Náðst hefur áfangi í fjármögnun á málaflokki fatlaðs fólks þegar samið var um 0,22% hækkun á álagningarhlutfalli útsvars í árslok 2022 og síðan 0,23% hækkun í árslok 2023. Niðurstaða skýrslu starfshóps ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu málaflokksins frá janúar sl. sýnir þó að enn vantar talsvert upp á fulla fjármögnun.

Á árinu 2022 var gripið til ráðstafana til að takast á við halla í rekstri og önnur áhrif erfiðra skilyrða í ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar. Brugðist var við með samdrætti í fjárfestingum og dregið úr lántökupörf. Gjaldskrár voru leiðréttar í ljósi aukinnar verðbólgu. Þá voru settar samræmdar reglur um ráðningar til að gæta aðhalds á því sviði. Gildandi fjárhags- og fimm ára áætlun tekur mið af þessari stöðu. Þá er í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 að finna framtíðarsýn um að fjármálastjórn Reykjavíkurborgar miði að sjálfbærni til lengri tíma litið. Í því felst að rekstur skili afgangi og borgarsjóður standi undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gengið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur.

Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2025 á þessum grunni. Minnt er á að útfærsla fjárhagsáætlunar er eitt helsta stjórnæki borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd. Það er í anda þess sem stjórnendum fag- og kjarnasviða er falið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Leiðarljós við undirbúning fjárhagsáætlunar verði grænar áherslur, sjálfbær rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar til samræmis við fjármálastefnu Reykjavíkurborgar.
- Forgangsroðun fjárheimilda innan ramma fari fram með þátttöku fagráða með áherslu á að forgagnsraða fyrst lögbundnum skyldum með hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.
- Að unnið verði að leiðréttingu á fjármögnun verkefna sem flust hafa frá ríkinu. Að uppbygging á þjónustu við fatlað fólk verði markviss og í samræmi skyldur skv. lögum nr. 38/2018 þó þannig að það ógni ekki sjálfbærni í rekstri borgarinnar. Halli af rekstri málaflokksins ógnar að óbreyttu getu borgarinnar til að standa við skuldbindingar laganna um frekari uppbyggingu á þjónustu við fatlað fólk. Í ljósi þess er megináhersla Reykjavíkurborgar að tryggja með samningum við ríkið fulla fjármögnun á rekstri málaflokks fatlaðs fólks, í samvinnu við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Að ná lækkun launaútgjalda í hlutfalli af tekjum. Því verði náð með aðhaldi í ráðningum, sameiningu starfa, virkri forgangsroðun verkefna ásamt frestun, breytingum eða niðurlagningu á þjónustu. Vegna grunnþjónustu verði ávallt miðað við áætlaða mannaflapörf og samþykktar fjárheimildir starfsstaðar.
- Að ná fram hagræðingu í rekstri með áherslu á að leita hagkvæmstu leiða til útfærslu á þjónustu og rekstri í allri þjónustu borgarinnar og skipulagi um framkvæmd hennar. Á það jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu.
- Að ná fram samræmingu í innkaupum og hagkvæmstu lausnum í rekstri þar sem fagleg ábyrgð rekstrar og þjónustu verði endurskoðuð eftir atvikum.
- Að nýta stafræna umbreytingu til aukinnar skilvirkni og hagræðingar í rekstri.
- Að áherslur borgarinnar í húsnæðisuppbyggingu nái fram að ganga. Forgangsroðun fjárfestinga miði að þéttingu byggðar og uppbyggingu hverfa með sérstakri áherslu á þróunarása Borgarlínu. Kraftmikil uppbygging tryggi nauðsynlegt framboð íbúða og húsnæðis sem laðar að fleiri íbúa og eflir tekjustofna.
- Að tryggja að viðhaldsáætlun til næstu ára vegna mannvirkja borgarinnar, einkum skóla og leikskóla, nái fram að ganga.

- Að uppbygging á nýjum skólum og leikskólum verði í forgangi til að tryggja framgang stefnu borgarstjórnar um þróun borgarinnar.
- Að hönnun og bygging mannvirkja taki mið af grænum áherslum og eins hagkvæmri nýtingu fjármuna og kostur er án þess að gengið verði á þjónustumarkmið málaflokka.

Rammaúthlutun ársins 2025 tekur mið af nýju verklagi sem tekur mið af fjármálastefnu Reykjavíkurborgar, gildandi fimm ára áætlunar og fjárhagslegu svigrúmi borgarsjóðs við úthlutun fjárhagsramma. Gert ráð fyrir heildrænni skiptingu fjármuna milli sviða og miðlægra skrifstofa borgarinnar að teknu tilliti til kjarabóta, gjaldskrársamkomulags kjarasamninga, verðbóta á annan rekstrarkostnað, samþykktu úthlutunarlíkana og helstu áskorana í rekstri.

Við undirbúning rammaúthlutunar liggur fyrir að öðru óbreyttu að útgjaldasvigrúm borgarsjóðs fyrir ný verkefni er neikvætt sem nemur 1,1 ma.kr. Á sama tíma hafa svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar lagt mat á þrjár helstu áskoranir í rekstri og nema þær alls 6,4 ma.kr. Þetta felur í sér að svið og miðlægar skrifstofur borgarinnar þurfa að leita inná við til að finna rými fyrir ný verkefni þ.e. leita leiða til endurskipulagningar og forgangsraða núverandi verkefnum. Samhliða undirbúningi stjórnenda með fagráðum að forgangsroðun innan ramma verði eftirfarandi verkefni rýnd sérstaklega undir forystu viðeigandi sviðsstjóra:

- 1) Úthlutunarlíkan grunnskólanna verði rýnt með áherslu á hvernig það hefur reynst frá því það var innleitt og það svigrúm sem það getur skilað til áframhaldandi þróunar á þjónustu við börn í grunnskólum með áherslu á þarfir vegna barna af erlendum uppruna.
- 2) Áætlun um uppbyggingu búsetuúrræða verði rýnd og endurskoðuð með hliðsjón af niðurstöðum starfshóps um kostnaðarskiptingu í málaflokki fatlaðs fólks og samnings ríkis og sveitarfélaga.
- 3) Gerð verði áætlun um hvernig tekist verði á við vetrarþjónustu borgarinnar. Fyrir liggja áætlun um hvernig tekist verði á við þær breytingar sem samþykktar hafa verið.
- 4) Gerð verði áætlun um hvernig ný upplýsingakerfi og þjónusta við þau verði tekin inn í rekstur.

Niðurstöður liggja fyrir við kynningu sviða á forgangsroðun innan ramma 19. júní.

Gert er ráð fyrir að þegar niðurstöður vegna kjarasamninga liggja fyrir verði unnt að ráðstafa hækkunum ársins 2024 inn í ramma og að við frágang frumvarps að fjárhagsáætlun verði tekið frá fjármagn og vistað miðlægt vegna kjarabóta ársins 2025. Jafnframt er gert ráð fyrir fjármögnun á uppbyggingu nýrra leikskóla og innleiðingu nýs rekstrarlíkans í leikskóla. Þá hefur verið áætlað fyrir bundnum liðum sérstaklega. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir fjármagni miðlægt vegna ófyrirséðra verkefna nema að litlu leyti. Þannig mun liðurinn ófyrirséð aðeins nema um 0,5% af heildarútgjöldum borgarinnar og verður til ráðstöfunar fyrir stefnumótandi áherslur borgarstjórnar. Svið og miðlægar skrifstofur skulu stilla upp fjárhagsáætlun ársins 2025 á þann hátt að hægt sé að fjármagna önnur ófyrirséð verkefni innan úr ramma.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2025 eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:
  - 1.1. Árið 2025 er lagt til að gjaldskrár hækki um 3,5% sem tekur mið af forsendum um verðlags- og launapróun fjárhagsáætlunar. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.

- 1.2. Innri leiga hækki um 3,75% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2024 á móti gildandi áætlun ársins. Gert er ráð fyrir að innri leiga leiði til endurskoðunar á fjárheimildum þegar hún liggur fyrir.
  - 1.3. Gjaldskrár upplýsingatæknideildar (UTR) taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum og verðbótum á annan rekstrarkostnað.
2. Útgjöld:
- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkanir vegna kjarasamningshækkana leiði til endurskoðunar á fjárheimildum. Kjarabótum vegna kjarasamninga sem þegar hafa verið samþykktir verður úthlutað til sviða en að öðru leyti verður kjarabótum úthlutað þegar niðurstöður ógerðra kjarasamninga liggja fyrir.
  - 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 3,2% hækkun á vísitölu neysluverðs.
  - 2.3. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu, 3,75%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2025. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.
  - 2.4. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum nýs reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði endurskoðaðar þegar niðurstaða úthlutunarlíkansins liggur fyrir.
  - 2.5. Leikskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni með hliðsjón af forsendum nýs reiknilíkans. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði endurskoðaðar þegar lokið hefur verið við innleiðingu líkansins.
  - 2.6. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2025 felast í því að svið og fagrað forgangsraða verkefnum næsta árs innan úthlutaðra fjárheimilda og kynni fyrir borgarstjóra og fjármálahópi 19. júní n.k.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2025 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2025 og fimm ára áætlun vegna áranna 2025-2029 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 5. nóvember nk. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 3. desember 2024.

Einar Þorsteinsson

borgarstjóri